

Nd.

409. Nefndarálit

um frumvarp til laga um afnám laga nr. 10, 8. sept. 1915, um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum.

Frá hjargráðanefnd.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta og kynt sjer í stórum dráttum störf verðlagsnefndarinnar árið 1917 til 19. júní þ. á.

Tiu úrskurði um verð á ýmsum vörum hefir hún felt á þessu tímabili, og auk þess haft mörg mál til meðferðar, sem hún hefir eigi felt úrskurð um.

Verkefni hennar hefir verið mikið og vandasamt, aðstaðan afarörðug fyrir nefndina, sjerstaklega að geta lagt verð á aðfluttar vörur, með því verð þeirra var svo breytilegt á útlendum markaði, að innkaupsverðið breyttist með hverri ferð, svo og skipaleigur, stríðs- og sjóvátrygging o. s. frv. Þetta gerði nefndinni ómögulegt að hafa eftirlit með verði alment á útlendum vörum.

Nefndin beitti störfum sínum því meira er á leið í þá átt að hafa áhrif á útsöluverð kaupmanna, með ósk um niðurfærslu á verði, er ástæða þótti til, svo til úrskurðar þyrfti ekki að koma, og vann nokkuð á á þann hátt.

Yfir höfuð verður eigi annað sagt en að nefndin hafi haft mikið að starfa, þótt árangurinn, vegna aðstöðunnar, hafi eigi getað orðið mjög mikill.

Nú eru kringumstæður svo breyttar, síðan hinn nýi viðskiftasamningur var gerður við Bandamenn, að landsstjórnin tekur í sína hönd innkaup á helstu nauðsynjavörum, þeim sem að flytjast, og getur því sett útsöluverð á þeim eftir því, sem henni þóknast. Með því er að miklu leyti fallin burtu ástæðan til þess að hafa verðlagsnefnd, er starfi í þjónustu landsins. Það hefir og sýnt sig, að þótt nefndin hafi sett verð á innlendar vörur, þá hefir því verðlagi ekki verið fylgt, nema ef til vill á stöku stað.

Þótt nefndin sje þeirrar skoðunar, að að litlu gagni muni koma að hafa verðlagsnefndir, eins og hjer hagar til, þá telur hún varhugavert að afnema

með öllu heimild landsstjórnarinnar til að skipa verðlagsnefndir þar, sem mannfjöldinn og viðskiftin eru mest, eða í kaupstöðum landsins, og þá rjett að skipa þær að eins eftir ósk og eftir tillögum viðkomandi bæjarstjórnar, sem þá að sjálfsögðu stæði straum af kostnaðinum af störfum nefndarinnar.

Nefndin hefir því afráðið að bera fram nýtt frumvarp um verðlagsnefndir, og leggur til, samkvæmt frumvarpinu á þingskjali 336, að lög nr. 10, 8. sept. 1915, og viðaukalög við þau lög nr. 7, 8. febrúar 1917, verði feld úr gildi.

Verkefni slíkra nefnda mundi aðallega verða það að hafa eftirlit með smásöluverðinu í kaupstöðunum, hjá kaupmönnum og bakarium, á innlendri og útlendri vöru.

Alþingi, 26. júní 1918.

Sigurður Stefánsson,
formaður.

Pjetur Jónsson,
skrifari og framsm.

Björn Kristjánsson.

Pjetur Þórðarson.

Þorsteinn Jónsson.

Enda þó að jeg geti ekki sjeð, að nokkuð sje unnið við þessa breytingu, þá mun jeg þó láta mig litlu skifta, hvort hún nær fram að ganga eða ekki, og mun því láta málið afskiftalaust.

Jörundur Brynjólfsson.